

Fundargerð 121. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 28. janúar 2020
Fundartími:	Flóaskóli: 16:30 – 18:00 Sameiginleg málefni: 18:00-18:45 Krakkaborg: 18:45-19:30
Fundarmenn:	Hulda Kristjánsdóttir, formaður Mareike Schacht, varaformaður Ægir Sigurðsson, ritari Anný Ingimarsdóttir, varamaður Ölmú Axel Páll Einarsson, aðalmaður Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir, leikskólastjóri Eydís Rós Eyglóardóttir, fulltrúi foreldra úr leikskóla Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla Anna M. Hoffman Guðgeirsdóttir fulltrúi kennara Stefanía Ósk Benediktsdóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar Jóhannes Hreiðar Símonarson, fulltrúi foreldra

Flóaskóli:

1) Fréttir af skólastarfinu.

Skólastjóri fór yfir helstu fréttir úr skólastarfinu og helstu breytingar sem hafa orðið í starfsmannahaldi og eru ráðgerðar í nánustu framtíð vegna fæðingarorlofa o.fl. Farið yfir fyrirkomulag lesskímunar. Lagt er fyrir skimunarpróf þrisvar sinnum, í þriðja, sjötta og níunda bekk. Rætt um áherslur sem tengjast heilsueflandi starfi. Farið yfir húsnæðismál og endurbætur sem unnar hafa verið undanfarið. Fjárfest hefur verið í nýjum tölum og tölvubúnaði. Nemendum hefur fjölgað lítillaga frá áramótum, fram kemur að skólastjóri fær reglulega fyrirspurn frá foreldrum úr nágrannasveitarfélagi um að taka við nemendum sem leita í rólegra umhverfi. Rætt um ytra mat sem hefur farið fram innan skólans, matið er unnið af fulltrúum Menntamálaráðuneytis. Vænta má niðurstaðna á næstu vikum.

2) Starfsáætlun, sí- og endurmenntunaráætlun Flóaskóla 2019-2020.

Rætt um hvar áætlun er í ferli.

3) Viðbragðs- og öryggisáætlun.

Skólastjóri kynnir viðbragðs- og öryggisáætlun og rýmingaráætlun sem unnið hefur verið að. Einnig hefur verið unnið að endurskoðun á óveðursáætlun og viðbragsáætlun vegna náttúruhamfara. Lagt til að nefndarmenn skoði áætlanir sem sendar hafa verið á nefndarmenn og sendi inn athugasemdir ef einhverjar eru. Rýmingaræfing verður gerð í framhaldi og síðan verður áætlun lögð fram til samþykktar.

4) Skúlapúlsinn – úrbótaáætlun kynnt

Skólastjóri fór yfir hvernig ráðgert er að vinna að úrbótum og hvað hefur verið gert. Unnið er markvisst að því að bæta þá þætti sem komu illa út úr könnun skúlapúlsins. Rætt í framhaldi um stefnu skólans og sveitarfélagsins varðandi íþrótt- og sundkennslu. Ráðgert er að kynna úrbótaáætlun fyrir foreldrum á næstunni.

5) Áfallaáætlun – tekið fyrir á næsta fundi.

6) Samskiptaáætlun – tekið fyrir á næsta fundi.

Sameiginleg málefni:

7) **Veðurviðvaranir – Viðbrögð leik- og grunnskóla**

Rætt um viðbrögð skólanna við veðurviðvörðunum og hvort viðbrögð skólanna ættu að vera samræmd. Einnig rætt um mismunandi aðstæður skólanna þar sem nemendur koma með skólabíl í Flóaskóla en með einkabílum í Krakkaborg. Rætt um hvort að skólarnir eigi að marka sér stefnu og ákveða einhverjar fastar línur þegar gefnar eru út ákveðnar viðvaranir, t.d. hvort skólarnir loki þegar gefnar hafa verið út appelsínugular viðvaranir. Mikilvægt er að horft sé til öryggis barna og starfsfólks. Fræðslunefnd leggur til að viðvaranir séu teknar alvarlega og ef appelsínugul viðvörðun hafi verið gefin út þá gefi það tilefni til að taka ákvörðun um lokun skóla, jafnvel geti gular viðvaranir gefi tilefni til slíkra ákvarðana. Hafi rauð viðvörðun verið gefin út skal skólum lokað og tilmælum almannavarna fylgt.

8) **Undirbúningur skóladagatala 2020-2021**

Fræðslunefnd leggur til við skólastjórnendur hugi að undirbúningi skóladagatala.

9) **Skólastefna Flóahrepps – Staða mála**

Ekki hefur verið ráðinn verkefnastjóri til að vinna að skólastefnu Flóahrepps. En fræðslunefnd leggur til að unnið verði áfram að því að finna verkefnastjóra.

10) **Næsti fundur fræðslunefndar**

Ákveðið að næsti fundur fræðslunefndar verði 18. febrúar.

11) **Önnur mál**

Skólastjóri Flóaskóla leggur til að Flóaskóli og Krakkaborg haldi sameiginlegan íbúafund. Fundurinn yrði þá haldinn af skólaráði Flóaskóla og foreldraráði Krakkaborgar. Foreldraráð Krakkaborgar ætlar að taka málið til skoðunar.

Krakkaborg:

12) Fréttir af skólastarfinu

Skólastjóri fór yfir fréttir af skólastarfinu og það sem helst hefur staðið uppúr í starfinu að undanfögnu. Veður hefur sett strik sitt á skólastarfið og hefur þurft að taka ákvörðun um lokun vegna veðurs. Krakkaborg hefur tekið upp svokölluð Snerpusamtöl sem kallast “Gerum gott betra”. Samtölin skiptast í 6 hluta hefur 1. hluti farið fram. Þar var lögð áhersla á starfsanda, samskipti á vinnustað og starfsánægju. Farið var yfir breytingar í starfsmannamálum. Fram kemur að leikskólinn er fullsetinn og ekki rými fyrir nýja nemendur miðað við áætlaðan hámarksfjölda nemenda. Skólastjóri hefur verið að skoða hámarksfjölda nemenda við skólann miðað við fermetra og starfsmannafjölda.

13) Athugasemdir frá Heilbrigðiseftirliti – Staða mála

Ekki hafa borist svör frá Heilbrigðiseftirliti við fyrirspurnum skólastjóra.

14) Innra mat

Rætt um stöðu innra mats. Rætt um fyrirkomulag þegar kannanir eru lagðar fyrir og hvernig sé hægt að auka þátttöku foreldra.

15) Önnur mál

Fundi slitið kl. 19:45